

Hugarkort

<http://www.videojug.com/film/how-to-mind-map-with-tony-buzan>

Hér er hægt að sjá Tony Buzan (upphafsmann hugarkorta) útskýra og sýna fram á kosti hugarkorta.

Hér má sjá hann útskýra hvernig hægt er að þroska með sér skapandi hugsun

<http://www.videojug.com/film/how-to-improve-your-creative-thinking>

Hann er einnig á youtube, það sést vel hvernig hugarkort eru gerð.

<http://www.youtube.com/watch?v=MlabrWv25qQ>

Hér http://flotur.ismennt.is/dagur_stae_10/flatarmal_sept_09_hugtakahort.pdf

er athyglisverð grein um hugarkort og stærðfræði.

Dæmi um hugarkorta- forrit www.inspiration.com (mjög myndrænt, með enskum talgervil, fengið góða dóma erlendis, hægt að prófa ókeypis í 1 mánuð)

Hróbjartur Árnason, lektor KHÍ er höfundur bókarinnar Hugarkort, þar eru skýrar leiðbeiningar um gerð hugarkorta.

Hér eru ótal dæmi um hugarkort <http://www.topicscape.com/mindmaps/>

Hér er hægt að fá ókeypis forrit til að gera hugarkort <http://freemind.en.softonic.com/>

Hér er hægt að fara á námskeið og kaupa forritið MindManager

<http://www.verkefnalausnir.is/>

Hér eru fleiri dæmi um forrit <http://www.mindmeister.com/> og enn eitt hér

http://www.visual-mind.com/concept_edu.html

Hér er ágætis yfirlitssíða <http://members.optusnet.com.au/charles57/Creative/Mindmap/>


Hvað er hugarkort?

Einkenni hugarkorta (mind maps) er lágmarksnotkun orða og mikið er um tákni og teikningar sem koma í staðinn fyrir orð. Þannig eru hugmyndir ekki settar fram í setningum því gengið er út frá því að auðveldast sé að muna út frá tengslum lykilatriða hvert við annað. Þá er átt við að ef við sjáum eitt lykilorð, t.d. eins og hestur, þá rifjast upp ýmislegt, sérstaklega ef við fáum nokkur lykilatriði í viðbót. Ákveðin orð, tákni eða myndir draga þekkingaratriði fram úr minninu. Annað einkenni hugarkorta er að þau eru kort sem veita yfirsýn yfir eitthvert ákveðið viðfangsefni. Hugarkortin veita heildarsýn en í fyrstu virðast þau hvorki skipulögð né kerfisbundin. Ekki er alltaf ljóst hvar kortið byrjar og hvar það endar. Þetta er eins og með landakort, það er hægt að byrja að skoða það hvar sem er.

Sumum lesblindum þykja hugarkort ruglingsleg því þeim finnst best að vinna með þekkingu í formi texta, t.d. skrifa ritgerðir og/eða nálgast viðfangsefnið með því að læra eitt í einu og halda þannig áfram skref fyrir skref í rökréttri röð. Hægt er þó að laga hugarkort að námsstíl þessara nemenda. Öðrum nemendum finnst auðveldast að læra ef þeir fá heildarsýn yfir viðfangsefnið á myndrænan hátt og þeir hafa mikið gagn af hugarkortum. Þetta á við um marga lesblinda nemendur. Margir þeirra fá góðar hugmyndir en finnst erfitt að útskýra þær skipulega. Hugarkort geta auðveldað það. Lesblindum finnst mörgum eðlilegra að hugsa í myndum en orðum. Um leið og þeir hugsa „fiskur“ sjá þeir fyrir sér fisk. Þessir einstaklingar eiga oft auðvelt með að sjá fyrir sér lausnir á vandamálum og áþreifanlegum verkefnum, þ.e. hvað gerist ef þetta er sett þarna og þetta Framsetning eða glósugerð í formi hugarkorta getur auðveldað þannig nemendum að ná góðum námsárangri. Þetta er þó fyrir mörgum nemendum ný aðferð til þess að vinna með námsefnið og það getur tekið dálítinn tíma að venjast nýjum siðum. Nemendur í framhaldsskóla hafa sýnt mikið hugmyndaflug í gerð hugarkorta en erfiðara gengur að fá þá til þess að nota þessa aðferð daglega.

Hróbjartur Árnason er höfundur bókarinnar *Hugarkort*. Þar eru skýrar leiðbeiningar um gerð þeirra. Þar kemur fram að litir, myndir og tákni eru notuð til að leggja áherslu á

mikilvæg atriði hugarkortsins. Upphafsmaður hugarkorta er talinn vera Tony Buzan sem hefur skrifað fjölda bóka um nám og heilann. Hann telur að hugarkortin endurspegli hvernig við hugsum þar sem ein hugsun leiðir af sér aðra. Ein hugsun eða minning kallar fram aðra og sú aðra. Þannig verður til í huganum mynd í þrívídd með hljóðum, bragði og lykt af fólki, atburðum eða aðstæðum.¹



Þetta hugarkort um streitu er gert með forritinu Inspiration.

© Elín Vilhelmsdóttir

¹ Hróbjartur Árnason. (2006). *Hugarkort*. Nám ehf. (www.nam.is)